

## Formannspistill

Eflaust hafa margir félagar strengt áramótaheit við upphaf ársins eins og hefð er meðal Íslendinga og sett sér markmið til að vinna að þetta árið. Í fagstarfi í frítímanum, sem og öðru starfi, er gagnlegt að grundvallar ný markmið á rannsóknnum í stað þess að prufa sig áfram.

Rannsóknir sýna að starfsemi fyrir börn og unglunga sem byggir á þátttöku styður við þróun sjálfsmyndar og tilfinningu þeirra fyrir því að tilheyra hópi. Um leið er áhugi á þátttöku meiri og líklegri að þau leggi sitt af mörkum í starfinu. Að sama skapi dregur starfsemi sem byggir á

samkeppni úr upplifun sumra þátttakenda fyrir að tilheyra í starfinu. Geta slíkar niðurstöður gagnast okkur við markmissetningu þetta árið?

Kveðja,  
Eygló Rúnarsdóttir  
formaður FFF

## “Eruð þið ekki bara alltaf að leika ykkur?”

Fyrsti hádegisverðarfundur fagfélagsins var haldinn föstudaginn 16. janúar sl. Þar kynnti Ragnheiður Erna Kjartansdóttir lokaverkefni sitt til B.Ed - prófs í tólmstunda- og félagsmálafræðum sem fjallaði um hugmyndir og þekkingu unglunga á starfsemi félagsmiðstöðva.

Erindið var áhugavert en við vinnu verkefnisins tók Ragnheiður viðtöl við 8 unglunga á aldrinum 13-16 ára þar sem hún kannaði meðal annars þekkingu þeirra á starfseminni. Hugmyndin kviknaði í framhaldi af endurteknum spurningum unglunganna til starfsfólks um hvað það væri eiginlega að gera í

vinnunni og hvort starfið þar væri launað.

Að erindinu loknu svaraði Ragnheiður spurningum gesta og góðar umræður urðu í kjölfarið. Glærur frá kynningunni má nálgast á [www.fagfelag.is](http://www.fagfelag.is)

## Náum áttum: Stöndum vörð um velferð barna

Náum áttum hópurinn hélt morgunverðarfund á Grand hótél 28. janúar undir yfirskriftinni Stöndum vörð um velferð

barna. Samantekt af fundinum er nú hægt að nálgast á heimasíðu FFF á [www.fagfelag.is](http://www.fagfelag.is).

Næsti Náum áttum fundur verður haldinn 18. febrúar og fjallar um ábyrgð ríkisins á velferð barna.

## Næsti umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð

Næsti umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er 1. apríl 2009.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:

• Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.

• Þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.  
• Nýjungar og þróunarverkefni.  
• Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem

þing, mót eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa. Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar Æskulýðssjóðs.

Nánar á heimasíðu Menntamálaráðuneytisins.

